

## **Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði Kjarnans\***

Ritstjóri Kjarnans ber ábyrgð á því efni sem birtist í útgáfu hans, aukaútgáfum og á vefnum Kjarninn.is Hann starfar í umboði stjórnar Kjarnans miðla ehf.

Ritstjóri og starfsmenn á ritstjórn eru sjálfstæðir í störfum sínum og starfa í hlutlausu umhverfi.

Algjör faglegur aðskilnaður er á milli ritstjórnar og tekjuöflunardeildar. Ekkert samstarf verður á milli deilda um vinnslu efnisþátta. Ritstjórn tekur ein ákvörðun um þá vinnslu.

Áminning og uppsögn starfsmanns á ritstjórn blaðsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga og þeim lögum sem í gildi eru á hverjum tíma. Ekki er hægt að segja upp starfsmanni án skriflegrar skýringar.

\* skv. 24. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011